

# Mælitæki Autocheck 1

**ATH** það þarf bara að núllstilla tækið einu sinni í hvert skipti sem það er kveikt á því, það þarf ekki að núllstila fyrir hverja mælingu.

Kveikja á tæki

1. Velja mælingu í Mode  
(CL 6 frír klór og heildar klór) (pH er bara pH)  
(Cys er ekki notað) (CL 10 er ekki notað)

Mæla frían klór, **velja CL 6**

Setja vatn í glas, þurrka glasið, setja það í tækið og ýta á Zero þá kemur 0,00.

Taka glasið úr tækinu, setja DPD 1 í og brjóta töfluna, setja í tækið og ýta á Test.

Mæling sem kemur er frír klór, sama og er á skjá (free chlorine). Ekki breyta stjórnstöð ef munar minna en 0,3.

Til að mæla heildar klór er glasið tekið upp úr, ekki sett nýtt vatn í, tafla DPD 3 er sett í sama vatn. Hún er brotin, síðan er beðið í 2 mín. og ýtt á Test, þá kemur heildar klór.

*Dæmi: fyrri mæling sýnir 1,5, seinni mæling sýnir 1,7 þá dregur maður heildar klórinn frá fríu og fær út bundin klór 0,2.*

Bundin klór á ekki fara yfir 0,5 og alls ekki yfir 1.00 heilan.

*Dæmi: fyrri mæling sýnir 1,5 seinni mæling sýnir 2,6 þá er bundni klórinn orðin 1,1 sem er of mikið.*

Fyrir pH er gert sama og fyrir fríu klórinn, nema nota töflu sem heitir Phenol Red og velja pH á mælitæki í Mode.

Kveikja á tæki

1. Velja mælingu með því að ýta á Mode, **velja pH** og láta vatn í glasið.

Setja glasið í tækið og ýta á Zero þá kemur 0,00 taka glasið upp úr og setja töflu Phenol Red í, brjóta töfluna.

Setja í tækið og ýta á Test þá kemur upp pH gildið í vatninu.